

Föstudaginn 5. nóvember 1999.

Nr. 427/1999.

**Helgi Jóhannsson**

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

gegn

**Ingólfi Karli Sigurðssyni**

(Jón Einar Jakobsson hdl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

*I höfðaði mál gegn H, þar sem hann krafðist þess að fellt yrði úr gildi árangurslaust fjárnám, sem gert var hjá honum að kröfu H. H krafðist þess að I yrði gert að setja málskostnaðartryggingu vegna málsins. Talið var að I hefði ekki hnekk líkum, sem fjárnámið veitti fyrir því að hann væri ófær um að greiða málskostnað, ef sá kostnaður yrði felldur á hann í málinu. Var I gert að setja málskostnaðartryggingu.*

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. október 1999, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. október 1999, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að varnaraðila yrði gert að setja málskostnaðartryggingu í máli sínu samkvæmt 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför gegn sóknaraðila. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989, eins og þeim var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991, sbr. o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í málinu krefst varnaraðili þess að fellt verði úr gildi árangurslaust fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá honum fyrir kröfu sóknaraðila 15. júlí 1999. Varnaraðili hefur ekki hnekk líkum, sem það fjárnám veitir fyrir því að hann sé ófær um að greiða málskostnað, ef sá kostnaður verður felldur á hann í þessu máli. Með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989, verður

varnaraðila því gert að setja innan tveggja vikna frá uppsögu þessa dóms tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar að fjárhæð 70.000 krónur í því formi, sem héraðsdómari metur gilt.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð :

Varnaraðila, Ingólfi Karli Sigurðssyni, er gert að setja innan tveggja vikna frá uppsögu þessa dóms tryggingu í því formi, sem héraðsdómari metur gilt, að fjárhæð 70.000 krónur fyrir greiðslu málskostnaðar í máli nr. Y-5/1999 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. október 1999.

Við þingfestingu málsins hér í dómi hinn 10. september sl. gerði lögmaður varnaraðila kröfu um það, að sóknaraðila yrði gert að setja málskostnaðartryggingu með vísan til 1. tl. b í 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögmaður sóknaraðili mótmælti kröfu varnaraðila og var ágreiningsefnið lagt í úrskurð dómara. Málflutningur fór fram um þennan ágreining málsaðila 27. september sl. og var málið að svo búnu tekið til úrskurðar.

Í þessum þætti málsins telst Helgi Jóhannsson sóknaraðili en Ingólfur Karl Sigurðsson varnaraðili. Vísað verður til málsaðila með nafni til einföldunar og til að koma í veg fyrir misskilning.

Krafa Helga Jóhannssonar lýtur að því að Ingólfi Karli Sigurðssyni verði gert að setja málskostnaðartryggingu að fjárhæð 70.000 krónur.

Helgi Jóhannsson byggir kröfu sína á því, að í 94. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, segi, að almennar reglur um meðferð einkamála í héraði skuli gilda um mál, sem rekin séu samkvæmt 15. kafla laganna, eftir því sem við geti átt. Núgildandi lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 hafi ekki verið lögfest, þegar aðfararlögin tóku gildi, en engu að síður verði að skýra ákvæði 94. gr. aðfararlaga svo, að það taki einnig til núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Hæstiréttur hafi slegið því föstu í dómum frá árinu 1995, bls. 2379, og frá árinu 1996, bls. 1642, að þannig skuli skýra umrætt ákvæði aðfararlaga.

Af 1. tl. b í 133. gr. eml. megi ráða, að setja skuli málskostnaðartryggingu, sé hennar krafist, ef leiða megi líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Sama hljóti að gilda um mál, sem rekin séu samkvæmt 94. gr. aðfararlaga, samkvæmt þeim dómum Hæstaréttar, sem vísað sé til hér að framan. Mál þetta sé rekið hér fyrir dómi í því skyni að fá ógilta árangurslausa aðfarargerð frá 15. júlí sl., en þar hafi eignaleysi Ingólfs Karls Sigurðssonar

verið staðreynt. Ekki þurfi frekari sannanir fyrir því, að Ingólfur Karl sé ófær um að greiða málskostnað í máli því sem hér sé til meðferðar, fari svo, að fallist verði á málskostnaðarkröfu Helga Jóhannssonar. Því sé skilyrðum tilvitnaðs ákvæðis 133. gr. eml. fullnægt.

Varnaraðili Ingólfur Karl Sigurðsson gerði þá dómkröfu í þessum þætti málsins, að hafnað yrði kröfu sóknaraðila, Helga Jóhannssonar um, að varnaaðila yrði gert að setja málskostnaðartryggingu.

Byggir hann kröfu sína í fyrsta lagi á því, að skilyrðum tilvitnaðs ákvæðis 133. gr. eml. sé ekki fullnægt. Virða verði lagaákvæðið í því ljósi, að það falli undir almenn mannréttindi að fá úrlausn dómsmála um réttarágreining og eigi sér stoð í mannréttindasáttmála Evrópu, sem Ísland sé aðili að og einnig í samræmi við viðurkennd jafnréttissjónarmið. Því verði að skýra ákvæðið þröngt, ella væri réttaröryggi hins almenna borgara stefnt í tvísýnu.

Fyrir liggir, að Ingólfur Karl Sigurðsson eigi fyrir skuldum sé það virt, að hann hafi ásamt öðrum keypt krána Saga bar á Spáni af Helga Jóhannssyni og skuldaþréf það, sem mál þetta snýst um, hafi verið hluti af kaupverði barsins, auk peningagreiðslu að fjárhæð 1,2 milljónir króna. Þessum kaupum hafi verið rift vegna vanefnda Helga Jóhannssonar og sé málsókn í undirbúningi til að fá riftunina staðfesta og til endurgreiðslu þess fjár, sem greitt hafi verið í því sambandi.

Einnig verði að líta til þess, að ákvörðun sýslumanns um framgang aðfarar þeirrar, sem mál þetta fjalli efnislega um, sé íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, sem lögum samkvæmt megi bera undir héraðsdóm til endurmats. Í frumvarpi til aðfararlaga sé skýrð sú breyting frá eldra fyrirkomulagi að veita heimild til beinnar aðfarar til fullnustu víxla, tékka og skuldaþréfa. Þar komi skýrt fram, að þetta úrræði eigi ekki að stefna réttaröryggi skuldara í hættu, þar sem honum sé fær sú einfalda og auðvelda leið til að fá kröfu hnekkt, eftir lok aðfarar, að bera málið undir viðkomandi héraðsdóm. Ljóst sé, að eftir eldri skipan hefði Helgi Jóhannsson þurft að fá dóm fyrir kröfu sinni, til að aðför væri möguleg. Í slíku máli hefði stefndi átt þess kost að taka til varna, án þess að þurfa að leggja fram málskostnaðartryggingu. Færi svo, að staðfest yrði krafa Helga Jóhannssonar um málskostnaðartryggingu, fæli það í raun í sér verulega skerðingu á þeim sjálfsögðu mannréttindum að geta tekið til varna gegn óréttmætum kröfum og væri stórt spor í ófuga átt og andstætt viðurkenndum mannréttindasjónarmiðum.

Loks byggir Ingólfur Karl á því, að í greinargerð frumvarps til aðfararlaga segi um 1. mgr. 84. gr. laganna, sem 94. gr. þeirra vísar til, að reglur einkamála-laga geti ekki allar átt við eftir eðli máls. Sú sé einmitt raunin að því er varðar kröfu Helga Jóhannssonar í þessum þætti málsins. Eðli málsins samkvæmt eigi tilvitnað ákvæði 133. gr. einkamála-laga ekki við hér með vísan til þess, sem að framan er rakið.

*Forsendur og niðurstaða.*

Sóknaraðili, Helgi Jóhannsson, styður kröfu sína um það, að varnaraðila, Ingólfi Karli Sigurðssyni, verði gert að setja málskostnaðartryggingu með vísan til 1. tl. b 133. gr. laga nr. 91/1991, eins og að framan er rakið, og bendir á fyrirbyggjandi árangurslausa aðfarargerð til stuðnings þeirri kröfu.

Það er álit dómsins, að túlka beri tilvitnað ákvæði 133. gr. eml. þröngt með hliðsjón af þeirri meginreglu, að öllum eigi að vera tryggð greið leið til að geta leitað til dómstóla um úrlausn réttarágreinings og takmörkun á þeim rétti verði að styðjast við enn ríkari hagsmuni.

Dómurinn lítur svo á, að aðfarargerð sú, sem liggur frammi í málinu og sóknaraðili vísar til, veiti ekki óbyggjandi sönnur fyrir því, að varnaraðili geti ekki greitt þann málskostnað, sem hann kann að verða dæmdur til að greiða sóknaraðila. Í aðfarargerðinni er haft eftir varnaraðila, að hann eigi ekki eignir, sem tryggt geti kröfu þá, sem tryggja átti með aðfarargerðinni. Um er að ræða kröfu að höfuðstól 939.895 krónur, að viðbættum dráttarvöxtum og kostnaði, sem nam samtals samkvæmt aðfararbeiðni 1.233.084 krónum. Tildæmdur málskostnaður í málum, sem rekin eru samkvæmt 15. kafla aðfararlaga, nemur að jafnaði lágum fjárhæðum, enda mál þessi oftast efnislítill og snúast um einangruð afmörkuð álitaefni. Þau krefjast því yfirleitt ekki mikillar vinnu af hálfu lögmanna málsaðila. Því veitir framlögð aðfarargerð ekki fullnægjandi sönnur fyrir því, að varnaraðili, Ingólfur Karl Sigurðsson, sé ófær um að greiða þann málskostnað, sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða sóknaraðila, Helga Jóhannssyni, í ágreiningsmáli þessu.

Með vísan til þessa er hafnað kröfu Helga Jóhannssonar um það, að Ingólfi Karli Sigurðssyni verði gert að setja málskostnaðartryggingu.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Hafnað er kröfu Helga Jóhannssonar um að Ingólfi Karli Sigurðssyni verði gert að setja málskostnaðartryggingu.

---